

HELGA SIGURJÓNSDÓTTIR

GETUM VIÐ GLÆTT NÁMSÁHUGA FULLORÐINNA MEÐ HVETJANDI KENNSLUHÁTTUM?

Hvað er það sem hefur áhrif á námsáhuga fullorðinna? Geta skipuleggjendur fræðslu og leiðbeinendur laðað fram og ýtt undir námsáhuga allra fullorðinna námsmanna? Getum við með skipulagningu kennslunnar og vali á kennsluáðferðum ýtt markvisst undir námsáhugann og aukið þannig líkurnar á því að allir ljúki námi með stolti og ánægju?

Margt bendir til að sá stóri hópur íslenskra ungmenna, sem hverfur frá framhaldsskólanámi, hafi verið vanræktur. Í því felst oft bæði persónulegur harmleikur og íslenskt samfélag fer á mis við mikinn mannaúð. Sú hætta hefur nú magnast verulega með efnahagskreppu og atvinnuleysi. Ungt fólk án menntunar er sá hópur sem viðkvæmastur er fyrir atvinnuleysi. Fram hefur komið að langtímaatvinnuleysi ungs fólks, sem hefur enga menntun umfram grunnskólamenntun, er að verða alvarlegt vandamál hér á landi. Símenntunarmiðstöðvar, framhaldsskólar og frumgreinadeildir taka á móti þessum einstaklingum til náms en það er ekki alltaf einfalt mál þar sem einmitt þessi hópur hefur að öllum líkindum **takmarkaðan námsáhuga**.

Mikilvægt er að nýta fyrirbyggjandi þekkingu til þess að mæta þörfum þessa hóps eins vel og hægt er. Í þessari grein ætla ég að segja frá hugmyndum Raymond J. Wlodkowski sem hann setur eru fram í bókinni *'Enhancing Adult Motivation to Learn'*. Ég hreifst mjög af þessari bók og þeim mannskilningi sem hugmyndir höfundar eru byggðar á. Sérlega áhugaverð þykir mér sú skoðun hans að fræðsluskipuleggjendur og leiðbeinendur beri **siðferðilega og faglega** ábyrgð á því að gera nám aðgengilegt og árangursríkt fyrir **alla** fullorðna, ekki síst fyrir þá hópa sem orðið hafa út undan eða verið vanræktir í skólakerfinu og hafa því takmarkaðan námsáhuga. Í þessa umfjöllun flétta ég nokkrar vísanir í rannsókn Svanfríðar Jónasdóttir á námsáhuga fullorðinna með litla formlega menntun og viðtöl við fullorðna námsmenn til þess að tengja umfjöllunarefni Wlodkowski við okkar raunveruleika.

Bókin er skrifuð sem hagnýt heimild fyrir fræðsluskipuleggjendur, leiðbeinendur og aðra þá sem starfa að fræðslumálum fullorðinna. Fyrri hluti hennar er fræðileg umfjöllun um áhugahvöt og áhrif hennar á kennslu. Meginefni hennar er þó ítarleg greinargerð um sextíu kennsluáðferðir og hvernig hægt er að flétta þær inn í kennsluáætlun með því markmiði að efla og styðja námsáhuga fullorðinna. Það er mikill

fungur að því að hafa aðgang að svo ítarlegri lýsingu á fjöldamörgum kennsluáðferðum sem eru til þess fallnar að glæða námsáhuga. Þó aðferðirnar séu flestar velþekktar og þróaðar af öðrum eru þær hér settar í samhengi við meðvitaða skipulagningu á námsferli sem markvisst ýtir undir áhuga.



Helga Sigurjónsdóttir

MENNING OG NÁMSÁHUGI

Leiðbeinendur fullorðinna eru án efa sammála um að **námsáhugi** hefur jákvæð áhrif á námsárangur og gerir námsferlið auðveldara. En áhrifin eru **gagnkvæm** því að námið sjálft og námsferlið hafa sömuleiðis mikil áhrif á námsáhugann. Leiðbeinendur geta því haft talsverð áhrif á námsáhugann – bæði hvetjandi og letjandi – með vali á kennsluáðferðum, leiðsögn sinni og öðrum þáttum námsferlisins. Til mikils er að vinna því við þekkjum það vel að þegar námsmenn eru áhugasamir meðan á námsferli stendur gengur allt greiðlega, samskipti eru góð, kvíði minnkar, sköpunarkraftur losnar úr læðingi og nám á sér stað. Námsmenn, sem ljúka námi fullir áhuga á því sem þeir hafa lært, eru líklegri til að nota það í lífi og starfi og sýna viðfangsefninu viðvarandi áhuga. Það má einnig ætla að námsmenn séu líklegri til að vilja læra meira um viðfangsefnið og viðhalda þekkingu sinni með símenntun eftir því sem þeir upplifa fleiri jákvæð og hvetjandi námsferli. (Wlodkowski, 2008:bls. 6)

Leiðbeinandi hefur oft og tíðum annan menningarlegan bakgrunn en nemendurnir. Háskólamenntaður einstaklingur af höfuðborgarsvæðinu, sem tekur að sér að leiðbeina ungu fólki á landsbyggðinni, með neikvæða skólareynslu og litla formlega menntun, hefur að mörgu leyti öðruvísi menningarbakgrunn en nemendurnir. Þetta getur truflað tengslamyndum og námsferli nemenda ef því er enginn gaumur

gefinn. Í öðrum nemendahóp geta verið þátttakendur af mismunandi þjóðerni, karlar og konur, fólk á mismunandi aldri og úr mismunandi atvinnugreinum eða landshlutum. Enn fremur getur námsefni og námsumhverfi miðast við aðrar menningarlegar forsendur en þátttakendur í náminu hafa. Það er því mikilvægt fyrir leiðbeinendur að skilja að mismunandi menningarbakgrunnur einstaklinga hefur áhrif á námsáhuga og námsferlið.

Menningin samanstendur af þéttriðnu neti tungumáls, skoðana, gilda og hegðunarmynstri sem umlykur líf okkar sem einstaklinga og hefur mikil áhrif á áhugahvötina. Eðlislæg áhugahvöt stjórnast að miklu leyti af tilfinningum en þær mótast einmitt af því menningar- og félagslega umhverfi sem einstaklingurinn tilheyrir. Námsmaður upplifir margvíslegar tilfinningar meðan á námsferli stendur og þær geta bæði verið jákvæðar og neikvæðar. Einstaklingar með ólíkan menningarbakgrunn geta t.d. brugðist mjög ólíkt við vanmáttarkennd gagnvart verkefni. Einn gefst strax upp og hættir en annar heldur áfram af enn þá meiri einbeitingu. (Wlodkowski, 2008:bls. 20)

Í ritgerð Svanfríðar Jónasdóttur „*Námsáhugi fólks með litla formlega menntun*“ kemur ýmislegt fram sem gæti verið vísbending um að hlúa þurfi betur að **öllum** nemendum og taka meira tillit til menningarbakgrunns þeirra ef við viljum efla og glæða námsáhuga þeirra og skapa námsumhverfi sem mætir þörfum þeirra. Rannsókn hennar byggðist á einstaklingsviðtölum og rýnihópasamtölum við fólk með litla formlega menntun. Þar kemur skýrt fram að umhverfið (menningin) hefur mikil áhrif á námsáhuga einstaklinganna. Viðhorf foreldra og félaga til náms, atvinnuástand og samsetning atvinnulífsins á staðnum ásamt þeirri hvatningu, umræðu og ráðgjöf, sem veitt er innan grunnskólans, hafa mótandi áhrif á námsáhuga og viðhorf til náms. Þeir viðmælendur, sem komu af landsbyggðinni, höfðu minni áhuga á námi, fóru síður í framhaldsskóla og hættu fyrr en þeir sem komu af höfuðborgarsvæðinu. Menntun foreldra ræður talsvert miklu um námsáhuga ungs fólks þannig að því minni menntun sem foreldrar hafa því minni hvatningu til náms veita þeir börnum sínum. (Svanfríður Jónasdóttir, 2005:bls. 79–80)

Ef markmiðið er að skapa námsaðstæður sem eru árang-

ursríkar og hvetjandi fyrir **alla** í námshópnum þarf leiðsögnin og námsferlið að einkennast af **menningarlegri næmni og virðingu fyrir fjölbreytileika**.

„*Culturally responsive teaching is characterized by respect for diversity; engagement of the motivation of all learners; creation of a safe, inclusive, and respectful learning environment; teaching practices that cross disciplines and cultures; integration of culturally responsive practices into all subject areas; and the promotion of justice and equity in society (Wlodkowski and Ginsberg, 1995; Phuntsog, 1999).*“ (Wlodkowski, 2008:bls. 21)

HVAÐ HVETUR FULLORÐNA TIL NÁMS?

Í öllum menningarheimum er ætlast til að fullorðinn einstaklingur beri **ábyrgð á eigin lífi**. Ábyrgðinni fylgir þörf fyrir að **ná árangri** í því sem gefur lífinu gildi fyrir einstaklinginn. Þessir tveir þættir eru hornsteinar í áhugahvöt fullorðinna einstaklinga og hafa afgerandi áhrif á námsáhuga. Fyrri reynsla og þekking hefur mikil áhrif á það sem fullorðnir telja áhugavert, hagnýtt og þess virði að læra. Ein mikilvægasta forsenda námsáhuga hjá fullorðnum er sjálfviljug þátttaka í námsferlinu. Líklegt er að áhugi dvíni smám saman ef þátttaka er skylda eða kvöð gegn vilja einstaklingsins enda er þá tekin af viðkomandi ábyrgð á eigin ákvörðunum sem er svo mikilvæg.

Wlodkowski telur að leiðbeinendur þurfi að hafa fjögur meginatriði (motivational conditions) í huga þegar kennsla er skipulögð, kennsluhættir og námsathafnir valdar í því augnamiði að efla og glæða námsáhugann. Þessi meginatriði eru öll mikilvæg og hafa gagnverkandi áhrif. (Wlodkowski, 2008:bls. 102–112) Hér verður sagt stuttlega frá hverju þeirra og nefnd dæmi úr okkar umhverfi. Í bókinni sjálfri er sjálfstæður kafli um hvert þessara atriða með góðum rökstuðningi, útskýringum og reynslusögum höfundar sem á að baki áratuga kennslureynslu.

1. Það glæðir áhuga og ástundun að vera hluti af námshóp

Fullorðinn námsmaður þarf að hafa tilfinningu fyrir því að vera viðurkenndur hluti af námshóp þar sem námsmenn og leiðbeinandi ná að tengjast og gagnkvæm virðing skapast. Þessi tilfinning ýtir undir námsáhuga og ástundun en öfugt þegar þessi forsenda er ekki til staðar er hætta á að námsáhugi dvíni fljótt og jafnvel hverfi.

Sem dæmi um jákvæð áhrif hópkenndar í námi er hér tilvitnun í viðtal við Guðnýju Arngrímsdóttur sem er fullorðinn fjarnemi í hjúkrun við Háskólann á Akureyri. Hún hóf nám á þrítugsaldri fyrst í framhaldsskóla og hélt svo áfram í háskólanám. Hún er spurð að því hvort það skipti máli að stunda fjarnámið í hóp.

„Já, það skipir miklu máli. Við höfum staðið vel saman og hjálpast mikið að, við studdum hver aðra vel þegar við þurftum að fara í gegnum fjöldatakmarkanirnar og okkur gekk vel.“ (Fræðslunet Suðurlands, 2009:bls. 7)

Þegar námsmanni finnst hann EKKI tilheyrja hópnum getur það haft mjög afgerandi neikvæð áhrif á námsáhuga. Í ritgerð Svanfríðar Jónasdóttur kemur mjög sterkt fram hjá viðmælendum hennar að þegar í framhaldsskólann kom fannst þeim þau EKKI vera hluti af hópnum. Hér er fullorðið fólk að lýsa reynslu sinni sem unglingar en það er líklegt að sú reynsla fylgi einstaklingum og hafi áhrif á námsáhugann fari það aftur í nám. Það var almennt viðhorf í báðum rýnihópum í rannsókn Svanfríðar að stórir skólar og áfangakerfi væru fjandsamleg þeim sem einhverra hluta vegna þyrftu að hafa fyrir skólavist sinni og námi vegna þess að minni tengsl náist við kennara og skólafélaga. Unglingar séu oft óframfærnir og lokaðir og stórar einingar og sífelld skipti á skólafélögum séu ekki til þess fallin að vekja hjá þeim þá öryggiskennd sem sé nauðsynleg. Það sé líka minni hvati til að standa sig ef engin fótfasta næst félagslega og auðveldara að gefast bara upp. (Svanfríður Jónasdóttir, 2005:bls. 47)

2. Viðhorf til náms hefur áhrif á hegðun

Við tileinkum okkur viðhorf að miklu leyti í gegnum menningu og félagsleg samskipti. Að sama skapi getum við þá breytt viðhorfum okkar með nýrri reynslu. Fullorðnir mynda jákvætt viðhorf til náms að mestu út frá því hvort þeim finnst námið hafa tilgang og hvort þátttaka þeirra er af fúsum vilja. Neikvætt viðhorf dregur úr námsáhuga og getur beinlínis komið í veg fyrir að nám eigi sér stað.

Komið hefur fram að stjórnvöld vilja auka virkni ungs fólks án atvinnu og leita allra leiða til fá unga fólkinn inn í framhaldskóla eða á aðrar viðeigandi menntabrautir. Í ljósi þess sem fyrr var sagt um neikvæð viðhorf einmitt þessa hóps til náms, sem hugsanlega er bæði byggð á fyrri skóla-reynslu og viðhorfum í umhverfi þeirra, er ráðgjöfum Vinnu-málastofnunar og leiðbeinendum á vegum Símenntunarmiðstöðva vandi á höndum. Mikilvægt verður að unga fólkinn fái tækifæri til að breyta viðhorfum sínum með jákvæðri reynslu af námi og sjái tilgang í því fyrir sig.

3. Tilgangur með námi viðheldur áhuga og eflir ástundun

Það er manlegt að hafa þörf fyrir tilgang með lífinu og er sameiginlegt öllum menningarsamfélögum. Tilgangur með námi er kjarninn í námsáhuga fullorðinna. Námið þarf að tengjast sjónarmiðum, áhugamálum, lífsreynslu og þekkingu fullorðinna til þess að námsáhuginn verði viðvarandi og djúpur. Það er mjög einstaklingsbundið og menningartengt hvað hefur merkingu og tilgang fyrir hvern og einn.

Margir viðmælendur Svanfríðar í rannsókn hennar lýsa því hvernig þeim finnst viðfangsefni náms í framhaldsskóla ekki vera í neinu samhengi við markmið þeirra í lífinu. Þegar námið öðlast tilgang breytist sjónarhornið. Ungur karlmaður, sem fann sig ekki í framhaldsskólanámi en stundar nú nám sem félagsliði með umönnunarstarfi sem hann hefur áhuga á, lýsir því hvernig það breytir námsupplifun og áhuga að vera hluti af hóp og sjá tilgang með náminu. (Svanfríður Jónasdóttir, 2005:bls. 60).

4. Aukin hæfni leiðir af sér meira sjálfstraust og eykur áhugann

Það er okkur eðlislægt að vilja öðlast hæfni í því sem okkur finnst skipta máli. Aukin hæfni byggir upp sjálfstraustið. Fullorðnir námsmenn eru yfirleitt mjög meðvitaðir um eigin frammistöðu. Ef þeim finnst hæfnin aukast eykst námsáhuginn og sjálfstraustið. Öfugt dregur skortur á sjálfstrausti og tilfinning fyrir vanhæfni verulega úr námsáhuga fullorðinna.

Margir þeirra sem hafa horfið frá námi án þess að ljúka því hafa djúpa vanmetakennd og líða fyrir skort á sjálfstrausti gagnvart námi og menntun og hefur það mikil áhrif á líf þeirra. Oft hamlar skortur á sjálfstrausti því að fullorðnir hefji nám að nýju. Mikilvægt er að þeir sem það gera upplifi að námið sé árangursríkt og hæfni þeirra aukist. Leiðbeinendinn þarf að skipuleggja námið þannig að það mæti nemandanum þar sem hann er staddur svo að hann hafi tækifæri til að ná árangri og byggja upp sjálfstraustið.

Sigurros Magnúsdóttir fór aftur í nám á framhaldsskólastigi á fimmtugsaldri eftir ráðgjöf hjá Fræðsluneti Suðurlands. „Spurð að því hvað hafi komið til að hún hafi ákveðið að fara í nám á fullorðinsaldri segir Sigurros: „Það blundaði alltaf í mér að fara í skóla og læra meira þó mér hafi ekki gengið vel í skóla á sínum tíma [...] – En hvernig fannst Sigurros að fara í nám eftir svona langan tíma? „Þetta hefur styrkt mig mikið og gefið mér aukið sjálfstraust. Mér finnst ég vera meira með í þjóðfélaginu. Ég var t.d. skíthædd við tölvu og hélt að ég gæti ekki lært á þær út af því að ég skildi ekki enskuna en nú er ég búin að taka áfanga í tölvu- og upplýsingatækni og gekk bara vel þannig að ég hef losnað við þessa hræðslu. Ég hef í raun verið að koma sjálfri mér stöðugt á óvart og hef fengið mjög góðar einkunnir.“ (Fræðslunet Suðurlands, 2009:bls. 4)

Í stuttu máli er það boðskapur Wlodkowskis að við sem leiðbeinendur sköpum námsaðstæður sem glæða og efla námsáhuga fullorðinna þegar

- við hjálpum öllum nemendum að verða hluti af hópnum og finna fyrir öryggiskennd,
- við stuðlum að jákvæðum viðhorfum þátttakanda til námsins,

- við stuðlum að því að hver þátttakandi hafi skýra mynd af tilgangi námsins í huga sér
- við gefum hverjum einasta þátttakanda tækifæri til að ná árangri.

NÁMSÁHUGI SEM VIÐBÓTARVÍDD VIÐ GERÐ KENNSLUÁÆTLUNAR

Hefðbundnar kennsluáætlanir byggjast á námsmarkmiðum og námsathöfnum sem raðað er í tímaröð út frá eðli viðfangsefnisins. Með aðferðafræði, sem Wlodkowski og Ginsberg kynntu árið 1995 og nefna „*The Motivational Framework for Culturally Responsive Teaching*“, hafa þau bætt við vídd námsáhuga og menningarlegrar næmni. Þegar kennsluáætlunin er samin eru meginatriðin fjögur, sem kynnt voru hér að framan, notuð sem leiðarljós við að velja kennsluhætti og námsathafnir til að flétta inn í áætlunina. Wlodkowski lýsir í bókinni mjög ítarlega sextíu mismunandi kennsluáætlunum og útskýrir á hvaða hátt hver og ein þeirra nýtist til að örva námsáhuga. Aftast í bókinni er heildaryfirlit yfir allar kennsluáætlunir þar sem þær eru flokkaðar og lýst hvaða hvetjandi tilgangi hver og ein þeirra þjónar. Einnig er tilgreint hvenær í námsferlinu er heppilegast að nota hverja aðferð. (Wlodkowski, 2008:bls. 382–385) Mörg dæmi og reynslusögur gera þetta efni bæði lærdómsríkt og notadrjúgt fyrir leiðbeinendur.

LEIÐSÖGN SEM GLÆÐIR NÁMS-ÁHUGA

Framúrskarandi leiðsögn er bæði list og tækni. Það er ekki á allra færi að ná þeim árangri. En það geta allir orðið hvetjandi leiðbeinendur. Þetta er færni sem hægt er að tileinka sér, stjórna og gera betri með ásetningu og aukinni reynslu. **Hvetjandi leiðsögn** byggist skv. Wlodkowski á fimm meginstöðum sem allar eru mikilvægar. Vanti eina eða fleiri hefur það letjandi áhrif á námsáhuga og árangur nemenda. (Wlodkowski, 2008:bls. 49–94)

- **Sérfræðiþekking**
Leiðbeinandi þarf að hafa ítarlega kunnáttu á viðfangsefni sem nýtist öðrum fullorðnum. Undirbýr sig vel og skipuleggur námsferlið vandlega.

- **Innlifun**

Leiðbeinandi þarf að hafa raunsæjan skilning á markmiðum, sjónarhorni og væntingum námsmanna. Kennslan þarf að mæta námsmönnum þar sem þeir eru staddir með tilliti til reynslu og færni í viðfangsefninu. Leiðbeinandi þarf að taka tillit til tilfinninga og sjónarmiða námsmanna.

- **Eldmóður**

Eldmóður hefur mjög mikil áhrif á áhugahvöt nemenda. Hann lýsir sér í áhrifamikilli tjáningu og djúpum áhuga leiðbeinanda á viðfangsefninu.

- **Skýrleiki**

Kennslan er skipulögð þannig að **allir nemendur** geti fylgst með og skilið. Með stöðtímum, fyrirspurnum, einstaklingsleiðsögn og öðrum úrræðum er skapaður farvegur fyrir nemendur svo allir nái að skilja það sem hefur verið kennt.

- **Menningarleg næmni**

Leiðbeinandi skapar öruggt námsumhverfi sem **allir nemendur** eru þátttakendur í og þar sem borin er virðing fyrir hverjum einstaklingi. Viðfangsefni námsins er tengt við reynslu og þekkingu nemenda og tekið mið af fjölbreytilegum menningarbakgrunni þeirra.

LOKAORÐ

Hér hefur verið sagt nokkuð frá hugmyndum Wlodkowskis um námsáhuga fullorðinna og hvernig hægt er með skipulögðum hætti að gera námsferli hvetjandi og árangursríkt fyrir fullorðna námsmenn. Að mínu mati á bókina mikið erindi til þeirra sem skipuleggja fræðslu og stunda leiðsögn fyrir fullorðna hér á landi. Af henni er hægt að læra margt sem getur gert nám og kennslu ánægjulegra og árangursríkara fyrir alla.

HEIMILDIR

- Fræðslunet Suðurlands (2009). Afmælisrit og námsvísir. Sótt af www.fraedslunet.is í nóvember 2009.
- Svanfríður Inga Jónasdóttir. (2005). *Námsá hugi fólks með litla formlega menntun. Meistaraprófsverkefni lagt fram til fullnaðar M.Ed.-gráðu í uppeldis- og menntunarfræði við Kennaraháskóla Íslands með áherslu á stjórnun menntastofnana.*
- Vinnuhópur ráðuneytis Félags- og tryggingamála og Mennta- og menningarmála. (2009). *Ungt fólk án atvinnu – virkni þess og menntun. Skýrsla unnin fyrir félags- og tryggingamálaráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra.* Reykjavík.
- Wlodkowski, R. J. (2008). *Enhancing Adult Motivation to Learn. A Comprehensive Guide for Teaching All Adults* (3 útgáfa). San Francisco: Jossey-Bass.

UM HÖFUNDINN

Helga Sigurjónsdóttir er sérfræðingur í Innri endurskoðun Landsbankans. Hún hefur B.S. próf í tölvunarfræði og hefur sótt fjölda námskeiða á sviði upplýsingatækni, gæða- og verkefnastjórnunar. Árið 2009 stundaði hún framhaldsnám við Menntavísindasvið HÍ á námsbrautinni Fræðslustarf með fullorðnum og mannauðspróun. Hún hefur starfað sem sérfræðingur, stjórnandi og leiðbeinandi fullorðinna frá 1983. Hún hefur sinnt fræðslumálum fullorðinna um árabíl m.a. sem kennari við Tölvuháskóla Verzlunarskóla Íslands 1988–1997, sem forstöðumaður upplýsingatæknimála og fræðslustjóri Pennans 2000–2006. Hún hefur einnig verið skipuleggjandi og leiðbeinandi á fjölda námskeiða á vegum Símenntar TVÍ, EHÍ og fyrir ýmis fyrirtæki og stofnanir.